

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi tölugerðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.40 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/241 frá 21. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.40.
- 3.41 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/265 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.41.
- 3.42 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/267 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.42.
- 4.44 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/236 frá 21. febrúar 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.44.
- 4.45 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/259 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.45.
- 4.46 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/260 frá 23. febrúar 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.46.
- 4.47 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2022/261 frá 23. febrúar 2022 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.47.
- 7.12 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/52 frá 13. janúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.12.
- 7.13 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/264 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.13.
- 8.5 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/262 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.5.
- 9 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/266 frá 23. febrúar 2022 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við viðurkenningu á héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar og skipunum um að senda rússneskan herafra inn í þessi héruð.
- 10 Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/263 frá 23. febrúar 2022 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við viðurkenningu á héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar og skipunum um að senda rússneskan herafra inn í þessi héruð.

#### 2. gr.

##### *Yfirflugsbann.*

Öllum loftförum í eigu, leigu, sem rekin eru af eða á annan hátt starfrækt eða stjórnað af rússneskum ríkisborgurum og aðilum með flugrekstrarskírteini gefin út af rússneskum yfirvöldum er bannað að fara í, úr eða í gegnum íslenska lofthelgi. Þar á meðal sem markaðsflugrekandi með sameiginleg flugnúmer, í föstum sætakaupum og/eða rými í loftfari.

Utánríkisráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki ef um er að ræða nauðlendingu eða yfirflug á grundvelli neyðarástands.

## 3. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 28. febrúar 2022.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 3.40.****ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/241**

**frá 21. febrúar 2022**

**um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

Viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/241/oj>].

**Fylgiskjal 3.41.****ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/265**

**frá 23. febrúar 2022**

**um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ<sup>(1)</sup>.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Í ályktununum sínum frá 24. og 25. júní 2021 fór leiðtogaárið fram á að Rússland axlaði að fullu ábyrgð sína á því að tryggja fullnaðarframkvæmd Minsk-sáttmálanna, sem lykilskilyrði fyrir umtalsverðri breytingu á afstöðu Sambandsins. Það lagði áherslu á þörfina á ákveðnum og samræmdum viðbrögðum Sambandsins og aðildarríkja þess við hvers konar frekari illviljuðum, ólöglegum og skaðlegum aðgerðum af hálfu Rússlands, með því að nota til fulls öll þau úrræði sem Sambandið hefur yfir að ráða og tryggja samvinnu við samstarfsaðila. Í því skyni hvatti leiðtogaárið framkvæmdastjórnina og æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsta fulltrúann“) einnig til að leggja fram tillögur um viðbótarþvingunaraðgerðir, þ.m.t. efnahagslegar refsiaðgerðir.
- 4) Í ályktunum sínum 16. desember 2021 lagði leiðtogaárið áherslu á bráða þörf þess að Rússland minnki spennu sem hernaðaruppbyggingin á landamærum þess við Úkraínu ásamt herskárri orðræðu hefur orsakað. Það ítrekaði fullan stuðning sinn við fullveldi og landamærahelgi Úkraínu. Ásamt því að hvetja til diplómatiskrar viðleitni og styðja Normandí-nefndina í því að ná fram fullri framkvæmd Minsk-sáttmálanna lýsti leiðtogaárið því yfir að viðbrögð við frekari hernaðarárásum gegn Úkraínu myndu hafa gríðarlegar afleiðingar og verulegan kostnað í för með sér, eins og þvingunaraðgerðir sem yrðu samræmdar við samstarfsaðila.

- 5) Hinn 24. janúar 2022 samþykkti ráðið ályktanir þar sem það fordæmdi áframhaldandi herskáar aðgerðir og hótanir Rússlands gegn Úkraínu og fór fram á að Rússland drægi úr spennu, færi að alþjóðalögum og tæki þátt í samræðum á uppbyggilegan hátt í gegnum alþjóðlegt fyrirkomulag sem komið hefur verið á. Ráðið áréttaði fulla skuldbindingu Sambandsins gagnvart grundvallarreglunum sem öryggi Evrópu byggir á og bundnar eru í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna og stofnskjölum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, þ.m.t. Helsinki-lokagerðinni og Parísarsáttmálanum. Þessar grundvallarreglur fela einkum í sér jafnræði fullvalda ríkja og landamærahelgi þeirra, friðhelgi landamæra, að forðast hótanir eða valdbeitingu og frelsi ríkja til að velja eða breyta eigin fyrirkomulagi varðandi öryggi. Ráðið lýsti því yfir að hvorki sé hægt að semja um þessar reglur né falli þær undir endurmat eða endurtúlkun og að brot Rússlands á þeim hindri sameiginlegt og óskiptanlegt öryggissvæði í Evrópu og ógni friði og stöðugleika á meginlandi Evrópu. Til að minna á ályktanir leiðtoga ráðsins frá desember 2021 ítrekaði ráðið að öll frekari hernaðarógn Rússlands gegn Úkraínu myndu hafa gríðarlegar afleiðingar og verulegan kostnað í för með sér, þ.m.t. margs konar atvinnutengdar og einstaklingsbundnar þvingunaraðgerðir sem yrðu samþykktar í samráði við samstarfsaðila.
- 6) Hinn 19. febrúar 2022 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem hann lýsti áhyggjum af gríðarlegri uppbyggingu rússnesks herafli í og í kringum Úkraínu og hvatti Rússland til að taka þátt í mikilvægum samræðum og ríkjasamskiptum, sýna stillingu og minnka spennu með því að draga allmikinn herafli til baka frá svæðum nálægt landamærum Úkraínu. Sambandið lýsti því yfir að allar frekari hernaðarárásir af hálfu Rússlands gegn Úkraínu myndu hafa gríðarlegar afleiðingar og verulegan kostnað í för með sér, þ.m.t. þvingunaraðgerðir sem samræmdar yrðu við samstarfsaðila.
- 7) Hinn 21. febrúar 2022 skrifaði forseti Rússneska sambandsríkisins undir forsetaúrskurð þar sem sjálfstæði og fullveldi hins sjálfskipaða Alþýðulýðveldis Donetsk og Alþýðulýðveldisins Luhansk er viðurkennt og fyrirskipaði að herafli Rússlands skyldi sendur inn í Austur-Úkraínu.
- 8) Hinn 22. febrúar 2022 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem hann fordæmdi ákvörðun forseta Rússneska sambandsríkisins um að viðurkenna héruðin Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, sem sjálfstæðar einingar og þá ákvörðun í kjölfarið að senda rússneskar hersveitir inn á þessi svæði. Þessi ólöglega aðgerð grefur enn frekar undan fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og er alvarlegt brot á alþjóðalögum og alþjóðasamningum, þ.m.t. á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, Helsinki-lokagerðinni, Parísarsáttmálanum og Búdapest-minnisblaðinu, ásamt Minsk-sáttmálunum og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2202 (2015). Æðsti fulltrúinn hvatti Rússland, sem aðila að deilunni, til þess að draga þá viðurkenningu til baka, standa við skuldbindingar sínar, fara að alþjóðalögum og snúa aftur að viðræðunum innan Normandí-nefndarinnar og Þrihliða tengihópsins. Hann tilkynnti að Sambandið myndi bregðast við þessum síðustu brotum Rússlands með því að samþykkja viðbótar þvingunaraðgerðir sem fyrst.
- 9) Með tilliti til þess hve ástandið er alvarlegt telur ráðið að bæta ætti 22 aðilum og fjórum rekstrareiningum á skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 10) Ráðið telur að bæta ætti við undanþágufyrirkomulagi fyrir tiltekna aðgerðir sem myndi gilda um tiltekna rekstrareiningar sem skráðar eru í viðaukann við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 11) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**

*1. gr.*

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:
 

„8. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem tilheyrir rekstrareiningunum sem skráðar eru undir færslunúmer 53, 54 og 55 í viðaukanum, verði affrystur eða tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur þessum rekstrareiningum, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin ákveða að eigi við og eftir að hafa ákvarðað að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að slíta rekstri, samningum eða öðru samkomulagi fyrir 24. ágúst 2022, þ.m.t. samsvarandi millibankatengslum, sem gert var við þessar rekstrareiningar fyrir 23. febrúar 2022.“
- 2) Bæta skal aðilunum og rekstrareiningunum sem skráðar eru í viðaukann við þessa ákvörðun á skrána sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.

## 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.*

(<sup>1</sup>) Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 1)

**Fylgiskjal 3.42.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/267**

**frá 23. febrúar 2022**

**um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

Viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/267/oj>].

**Fylgiskjal 4.44.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/236**

**frá 21. febrúar 2022**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/236/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/236/oj)].

**Fylgiskjal 4.45.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/259**

**frá 23. febrúar 2022**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars. 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu(<sup>1</sup>)

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu<sup>(2)</sup> hrindir í framkvæmd þvingunaraðgerðum sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 23. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/265 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ og innleiðingu á undanþágufyrirkomulagi fyrir tiltekna rekstraraðila sem falla undir frýstingu eigna og bannið við að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan þeim.
- 3) Þessar breytingar falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 er breytt sem hér segir:

Eftirfarandi grein er bætt við á eftir 6. gr. a:

„6. gr. b

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frýstir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem tilheyrir rekstrareiningunum sem skráðar eru undir færslunúmer 53, 54 og 55 í I. viðauka, verði affrýstur eða tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur þessum rekstrareiningum, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin ákveða að eigi við og eftir að hafa ákvarðað að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að slíta rekstri, samningum eða öðru samkomulagi fyrir 24. ágúst 2022, þ.m.t. samsvarandi millibankatengslum, sem gert var við þessar rekstrareiningar fyrir 23. febrúar 2022.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J.-Y. LE DRIAN

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

#### **Fylgiskjal 4.46.**

#### **FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/260**

**frá 23. febrúar 2022**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/260/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/260/oj)].

**Fylgiskjal 4.47.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/261**

frá 23. febrúar 2022

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: [http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2022/261/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2022/261/oj)].

**Fylgiskjal 7.12.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/52**

frá 13. janúar 2022

**um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr. hljóði svo: Þessi ákvörðun skal gilda til 31. júlí 2022 (Efnisútdráttur).

**Fylgiskjal 7.13.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/264**

frá 23. febrúar 2022

**um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ<sup>(1)</sup>.

- 1) Í ályktuninum sínum frá 24. og 25. júní 2021 fór leiðtogaráðið fram á að Rússland axlaði að fullu ábyrgð sína á því að tryggja fullnaðarframkvæmd Minsk-sáttmálanna, sem lykilskýrði fyrir umtalsverðri breytingu á afstöðu Sambandsins. Það lagði áherslu á þörfina á ákveðnum og samræmdum viðbrögðum Sambandsins og aðildarríkja þess við hvers konar frekari illviljuðum, ólöglegum og skaðlegum aðgerðum af hálfu Rússlands, með því að nota til fulls öll þau úrræði sem Sambandið hefur yfir að ráða og tryggja samvinnu við samstarfsaðila. Í því skyni hvatti leiðtogaráðið framkvæmdastjórnina og ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („ædsta fulltrúann“) einnig til að leggja fram tillögur um viðbótarþvingunaraðgerðir, þ.m.t. efnahagslegar refsiaðgerðir.
- 2) Í ályktunum sínum 16. desember 2021 lagði leiðtogaráðið áherslu á bráða þörf þess að Rússland minnki spennu sem hernaðaruppbyggingin á landamærum þess við Úkraínu ásamt herskárri orðræðu hefur orsakað. Það ítrekaði fullan stuðning sinn við fullveldi og landamærahelgi Úkraínu. Ásamt því að hvetja til diplómatiskrar viðleitni og styðja Normandí-nefndina í því að ná fram fullri framkvæmd Minsk-sáttmálanna lýsti leiðtogaráðið því yfir að viðbrögð við frekari hernaðarárásum gegn Úkraínu myndu hafa gríðarlegar afleiðingar og verulegan kostnað í för með sér, eins og þvingunaraðgerðir sem yrðu samræmdar við samstarfsaðila.
- 3) Hinn 24. janúar 2022 samþykkti ráðið ályktanir þar sem það fordæmdi áframhaldandi herskáar aðgerðir og hótanir Rússlands gegn Úkraínu og fór fram á að Rússland drægi úr spennu, færi að alþjóðalögum og tæki þátt í samræðum á uppbyggilegan hátt í gegnum alþjóðlegt fyrirkomulag sem komið hefur verið á. Ráðið áréttaði fulla skuldbindingu Sambandsins gagnvart grundvallarreglunum sem öryggi Evrópu byggir á og

bundnar eru í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna og stofnskjölum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, þ.m.t. Helsinki-lokagerðinni og Parísarsáttmálanum. Þessar grundvallarreglur fela einkum í sér jafnræði fullvalda ríkja og landamærahelgi þeirra, friðhelgi landamæra, að forðast hótanir eða valdbeitingu og frelsi ríkja til að velja eða breyta eigin fyrirkomulagi varðandi öryggi. Ráðið lýsti því yfir að hvorki sé hægt að semja um þessar reglur né falli þær undir endurmat eða endurtúlkun og að brot Rússlands á þeim hindri sameiginlegt og óskiptanlegt öryggissvæði í Evrópu og ógni friði og stöðugleika á meginlandi Evrópu. Til að minna á ályktanir leiðtogaráðsins frá 16. desember 2021 ítrekaði ráðið að öll frekari hernaðarógn Rússlands gegn Úkraínu myndu hafa gríðarlegar afleiðingar og verulegan kostnað í för með sér, þ.m.t. margs konar atvinnutengdar og einstaklingsbundnar þvingunaraðgerðir sem yrðu samþykktar í samráði við samstarfsaðila.

- 4) Hinn 19. febrúar 2022 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem hann lýsti áhyggjum af gríðarlegri uppbyggingu rússnesks herafla í og í kringum Úkraínu og hvatti Rússland til að taka þátt í mikilvægum samræðum og ríkjasamskiptum, sýna stillingu og minnka spennu með því að draga allmikinn herafla til baka frá svæðum nálægt landamærum Úkraínu.
- 5) Hinn 21. febrúar 2022 skrifaði forseti Rússneska sambandsríkisins undir úrskurð þar sem „sjálfstæði og fullveldi“ héraðanna Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, voru viðurkennd og skipaði rússneska hernum að fara inn á þessi svæði.
- 6) Hinn 22. febrúar 2022 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem hann fordæmdi þessa ólöglegu aðgerð sem grefur enn frekar undan fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og er alvarlegt brot á alþjóðalögum og alþjóðasamningum, þ.m.t. á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, Helsinki-lokagerðinni, Parísarsáttmálanum og Búdapest-minnisblaðinu, ásamt Minsk-sáttmálunum og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2202 (2015). Æðsti fulltrúinn hvatti Rússland, sem aðila að deilunni, til þess að draga þá viðurkenningu til baka, standa við skuldbindingar sínar, fara að alþjóðalögum og snúa aftur að viðræðunum innan Normandi-nefndarinnar og Þriðja tengihópsins. Hann tilkynnti að Sambandið myndi bregðast við þessum síðustu brotum Rússlands með því að samþykkja viðbótar þvingunaraðgerðir sem fyrst.
- 7) Með tilliti til þess hve ástandið er alvarlegt telur ráðið rétt að grípa til frekari þvingunaraðgerða vegna aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 8) Einkum ætti að leggja höft á aðgang að fjármagnsmörkuðum, einkum með því banna fjármögnun Rússlands, ríkisstjórnar þess og seðlabanka.
- 9) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 10) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein er bætt við á eftir 1. gr.:

„1. gr. a

1. Bein eða óbein kaup eða sala á, bein eða óbein veiting fjárfestingaþjónustu vegna eða aðstoð við útgáfu á, eða hvers kyns önnur viðskipti með framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgeringna sem gefnir eru út eftir 9. mars 2022 af:

- a) Rússlandi og ríkisstjórn þess,
- b) rússneska seðlabankanum, eða
- c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningarinnar er um getur í b-lið,

er bönnuð.

2. Lagt er bann við því að koma á, með beinum eða óbeinum hætti, fyrirkomulagi, eða vera hluti af því, varðandi gerð nýrra lána til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í 1. mgr. eftir 23. febrúar 2022. Bannið gildir ekki um lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té fjármögnun til innflutnings eða útflutnings á vörum og ófjárhagslegri þjónustu, sem falla ekki undir bann, milli Sambandsins og þriðja ríkis, að meðtöldum útgjöldum vegna vara og þjónustu frá öðru þriðja ríki sem nauðsynleg eru til framkvæmdar á útflutnings- eða innflutningssamningum.

3. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um lánanýtingu eða -greiðslur samkvæmt samningi sem gerður var fyrir 23. febrúar 2022, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

- a) allir skilmálar og skilyrði slíkra lánanýtinga eða -greiðslna voru:
- i) samþykkt fyrir 23. febrúar 2022 og
  - ii) hefur ekki verið breytt á þeim degi eða eftir þann dag og
- b) samningsbundinn gjalddagi fyrir fulla endurgreiðslu allra fjármuna sem gerðir voru aðgengilegir og fyrir niðurfellingu allra skuldbindinga, réttinda og skyldna samkvæmt samningnum var ákveðinn fyrir 23. febrúar 2022.

Þeir skilmálar og skilyrði lánanýtingar og -greiðslna, sem um getur í a-lið, fela í sér ákvæði um lengd endurgreiðslutímabils fyrir hverja lánanýtingu eða -greiðslu, vexti eða aðferð við útreikning vaxta ásamt hámarksupphæð.“

- 2) Í stað a-liðar í 1. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:
- „a) rekstrareiningar sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 1. gr., í c- eða d-lið 2. mgr. 1. gr., í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 1. gr. a, eða sem eru á skrá í I., II., III., eða IV. viðauka.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J.-Y. LE DRIAN

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

## **Fvlgiskjal 8.5.**

### **REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/262**

**frá 23. febrúar 2022**

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/264<sup>(1)</sup> frá 23. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014<sup>(2)</sup>.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ<sup>(3)</sup> og bann lagt við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á vörum og tækni með tvíþætt notagildi til aðila, rekstrareininga eða stofnana í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi ef þessir hlutir eru ætlaðir til hernaðarnota eða hernaðarlegra endanotenda. Hún leggur einnig bann við sölu á slíkum vörum og tækni til tiltekinna lögaðila í Rússlandi og leggur bann við veitingu tækniástoðar og annarrar tengdrar þjónustu ásamt fjármögnun og fjárhagsástoð vegna slíkra vara og þjónustu. Að auki er gerð krafa um að rekstraraðilar fái fyrirframheimild fyrir sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á tiltekinni tækni fyrir olíuðnaðinn í Rússlandi og bann lagt við veitingu tengdrar þjónustu sem nauðsynleg er fyrir olíuleit og framleiðslu í djúpu vatni, olíuleit og framleiðslu á norðurskautssvæðinu og framleiðslu eða við leirsteinsolíuverkefni í Rússlandi, þ.m.t. í sérefnahagslögsögu og á landgrunni þess. Í reglugerðinni er einnig lagt bann við því að veita tækniástoð vegna vara og tækni sem um getur í hinum sameiginlega hergagnalista



- Evrópusambandsins eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíkar vörur. Í reglugerðinni eru einnig settar takmarkanir á aðgang að fjármagnsmörkuðum fyrir tiltekna fjármálastofnanir í Rússlandi.
- 3) Hinn 21. febrúar 2022 skrifaði forseti Rússneska sambandsríkisins undir forsetaúrskurð þar sem „sjálfstæði og fullveldi“ héraðanna Donetsk og Lugansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, voru viðurkennd og skipaði rússneska hernum að fara inn á þessi svæði.
  - 4) Með tilliti til þess hve ástandið er alvarlegt samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/264 hinn 23. febrúar 2022 um breytingar á ákvörðun 2014/512/SSUÖ og að leggja á frekari þvingunaraðgerðir sem banna fjármögnun Rússlands, ríkisstjórnar þess og seðlabanka.
  - 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:***1. gr.*

Reglugerð (ESB) 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað iii. liðar f-liðar 1. gr. kemur eftirfarandi:  
„iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf eða leiða til uppgjors í reiðufé sem ákvarðast með tilliti til framseljanlegra verðbréfa,“
- 2) Eftirfarandi grein er bætt við:

*„5. gr. a*

1. Lagt er bann við því að kaupa, selja, miðla fjárfestingarþjónustu eða aðstoða við að gefa út eða eiga á annan hátt viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, með framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga sem gefin eru út eftir 9. mars 2022 af:

- a) Rússlandi og ríkisstjórn þess, eða
- b) Seðlabanka Rússlands, eða
- c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningarinnar er um getur í b-lið.

2. Lagt er bann við því að koma á, með beinum eða óbeinum hætti, fyrirkomulagi, eða vera hluti af því, varðandi veitingu nýrra lána til lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í 1. mgr. eftir 23. febrúar 2022.

Bannið gildir ekki um lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té fjármögnun til innflutnings eða útflutnings á vörum og ófjárhagslegri þjónustu, sem falla ekki undir bann, milli Sambandsins og þriðja ríkis, að meðtöldum útgjöldum vegna vara og þjónustu frá öðru þriðja ríki sem nauðsynleg eru til framkvæmdar á útflutnings- eða innflutningssamningum.

3. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um lánanýtingu eða -greiðslur samkvæmt samningi sem gerður var fyrir 23. febrúar 2022, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

- a) allir skilmálar og skilyrði slíkra lánanýtinga eða -greiðslna voru:
  - i) samþykkt fyrir 23. febrúar 2022 og
  - ii) hefur ekki verið breytt á þeim degi eða eftir þann dag og
- b) samningsbundinn gjalddagi fyrir fulla endurgreiðslu allra fjármuna sem gerðir voru aðgengilegir og fyrir niðurfellingu allra skuldbindinga, réttinda og skyldna samkvæmt samningnum var ákveðinn fyrir 23. febrúar 2022.

Þeir skilmálar og skilyrði lánanýtingar og -greiðslna, sem um getur í a-lið, fela í sér ákvæði um lengd endurgreiðslutímabils fyrir hverja lánanýtingu eða -greiðslu, vexti eða aðferð við útreikning vaxta ásamt hámarksupphæð.“

- 3) Í stað a-liðar í 1. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:  
„a) lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 5. gr., í c- eða d-lið 2. mgr. 5. gr., a-, b- eða c-lið 1. mgr. 5. gr. a, eða sem eru á skrá í III., IV., V., eða VI. viðauka,“
- 4) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari reglugerð eru sniðgengin, þ.m.t. með því að koma fram sem staðgengill fyrir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í 5. gr. eða 5. gr. a, eða með því að starfa í þeirra þágu með því að nýta undanþágurnar í 3. mgr. 5. gr. eða 2. mgr. 5. gr. a.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J.-Y. LE DRIAN

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 42, 23.2. 2022, bls. 95.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

## **Fylgiskjal 9.**

### **ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2022/266**

**frá 23. febrúar 2022**

**um þvingunaraðgerðir til að bregðast við viðurkenningu á héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, og skipunum um að senda rússneskan herafila inn í þessi héruð**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópusambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 2) Í ályktuninum sínum frá 24. og 25. júní 2021 fór leiðtogaráðið fram á að Rússland axlaði að fullu ábyrgð sína á því að tryggja fullnaðarframkvæmd Minsk-sáttmálanna, sem lykilskýrði fyrir umtalsverðri breytingu á afstöðu Sambandsins. Leiðtogaráðið hvatti framkvæmdastjórnina og æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsta fulltrúann“) einnig til að leggja fram tillögur um viðbótarþvingunaraðgerðir, þ.m.t. efnahagslegar refsiaðgerðir.
- 3) Í ályktunum sínum 16. desember 2021 lagði leiðtogaráðið áherslu á bráða þörf þess að Rússland minnki spennu sem hernaðaruppbyggingin á landamærum þess við Úkraínu ásamt herskárri orðræðu þess hefur orsakað. Það ítrekaði fullan stuðning sinn við fullveldi og landamærahelgi Úkraínu. Ásamt því að hvetja til diplómatiskrar viðleitni og styðja Normandí-nefndina í því að ná fram fullri framkvæmd Minsk-sáttmálanna lýsti leiðtogaráðið því yfir að viðbrögð við frekari hernaðarárásum gegn Úkraínu myndu hafa gríðarlegar afleiðingar og verulegan kostnað í för með sér, eins og þvingunaraðgerðir sem yrðu samræmdar við samstarfsaðila.
- 4) Hinn 24. janúar 2022 samþykkti ráðið ályktanir þar sem það fordæmdi áframhaldandi herskáar aðgerðir og hótanir Rússlands gegn Úkraínu og fór fram á að Rússland drægi úr spennu, færi að alþjóðalögum og tæki þátt í samræðum á uppbyggilegan hátt í gegnum alþjóðlegt fyrirkomulag sem komið hefur verið á. Til að minna á ályktanir leiðtogaráðsins frá 16. desember 2021 ítrekaði ráðið að öll frekari hernaðarógn Rússlands gegn Úkraínu myndu hafa gríðarlegar afleiðingar og verulegan kostnað í för með sér, þ.m.t. margs konar atvinnutengdar og einstaklingsbundnar þvingunaraðgerðir sem yrðu samþykktar í samráði við samstarfsaðila.

- 5) Hinn 21. febrúar 2022 skrifaði forseti Rússneska sambandsríkisins undir forsetaúrskurð þar sem sjálfstæði og fullveldi hins sjálfskipaða Alþýðulýðveldis Donetsk og Alþýðulýðveldisins Luhansk er viðurkennt og gaf skipun um að herafli Rússlands skyldi sendur inn á þau svæði.
- 6) Hinn 22. febrúar 2022 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem hann fordæmdi ákvörðun forseta Rússneska sambandsríkisins um að viðurkenna héruðin Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, sem sjálfstæðar einingar og þá ákvörðun í kjölfarið að senda rússneskar hersveitir inn á þessi svæði. Þessi ólöglega aðgerð grefur enn frekar undan fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og er alvarlegt brot á alþjóðalögum og alþjóðasamningum, þ.m.t. á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, Helsinkilokagerðinni, Parísarsáttmálanum og Búdapest-minnisblaðinu, ásamt Minsk-sáttmálunum og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2202 (2015). Æðsti fulltrúinn hvatti Rússland, sem aðila að deilunni, til þess að draga viðurkenninguna til baka, standa við skuldbindingar sínar, fara að alþjóðalögum og snúa aftur að viðræðunum innan Normandí-nefndarinnar og Þrihliða tengihópsins. Hann tilkynnti að Sambandið myndi bregðast við þessum síðustu brotum Rússlands með því að samþykkja viðbótar þvingunaraðgerðir sem fyrst.
- 7) Við þessar aðstæður telur ráðið að banna ætti innflutning vara sem eru upprunnar í héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, inn í Evrópusambandið, að undanskildum vörum sem fengið hafa upprunavottorð frá ríkisstjórn Úkraínu.
- 8) Að auki ætti að takmarka viðskipti með vörur og tækni til notkunar í tilteknum geirum í héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar. Banna ætti þjónustu á sviði flutninga, fjarskipta, orku eða leitar, rannsóknna og vinnslu olíu, gass og jarðefnaauðlinda ásamt þjónustu tengdri ferðaþjónustu í héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.
- 9) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### 1. gr.

1. Lagt er bann við innflutningi vara sem eru upprunnar í héraðinu Donetsk í Úkraínu eða í héraðinu Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, inn í Sambandið.
2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, svo og tryggingar og endurtryggingar, í tengslum við innflutning vara sem eru upprunnar í héraðinu Donetsk eða í héraðinu Luhansk, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.

##### 2. gr.

Bannið í 1. gr. skal ekki eiga við um vörur, sem eru upprunnar í héruðunum sem um getur í 1. gr., sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, og lagðar hafa verið fram til skoðunar hjá og sætt eftirliti úkraínskra stjórnvalda og fengið upprunavottorð frá ríkisstjórn Úkraínu.

##### 3. gr.

Bönnin, sem sett eru fram í 1. gr., hafa ekki, fram til 24. maí 2022, áhrif á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 23. febrúar 2022 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga, sem gerðir verða og framkvæmdir eigi síðar en 24. maí 2022.

##### 4. gr.

Lagt skal bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin, er um getur í 1. gr., séu sniðgengin.

##### 5. gr.

1. Lagt er bann við eftirfarandi:
  - a) að eignast eða auka hlutdeild í fasteign í héruðunum, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, sem um getur í 1. gr.,
  - b) að eignast eða auka hlutdeild í rekstrareiningum í héruðunum, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, sem um getur í 1. gr., þ.m.t. að eignast slíkar rekstrareiningar að öllu leyti og að eignast hlut í þeim og að eignast önnur verðbréf sem fela í sér hlutdeild,
  - c) að láta í té fjármagn til rekstrareininga í héruðunum, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, sem um getur í 1. gr. eða í þeim skjalfesta tilgangi að fjármagna slíkar rekstrareiningar, að koma á fyrirtæki um

sameiginlegt verkefni með rekstrareiningum í héruðunum, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, sem um getur í 1. gr. og

- d) að veita fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a- til d-liðum þessarar málsgreinar.
2. Bönnin sem um getur í 1. mgr. skulu:
    - a) ekki hafa áhrif á efndir skuldbindinga vegna samninga sem gerðir eru fyrir 23. febrúar 2022 og
    - b) ekki koma í veg fyrir að hlutdeild sé aukin ef slík aukning er skuldbinding samkvæmt samningi sem gerður var fyrir 24. febrúar 2022.
  3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn er um getur í 1. mgr. eru sniðgengin.
  4. Bönnin og takmarkanirnar sem settar eru fram í þessari grein eiga ekki við um lögleg viðskipti við rekstrareiningar utan héraðanna sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr. að því tilskildu að tengdar fjárfestingar séu ekki ætlaðar rekstrareiningum í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr.

#### 6. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, flytji eða flytji út vörur eða tækni eða að slíkt sé gert frá yferráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fana þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni hvort sem tæknin og vörurnar eru upprunnar á yferráðasvæðum þeirra eður ei,
  - a) til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr. eða
  - b) til notkunar í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr., í eftirfarandi geirum:
    - i) flutningageiranum,
    - ii) fjarskiptageiranum,
    - iii) orkugeiranum og
    - iv) geira leitar, rannsókna og vinnslu á olíu, gasi og steinefnum.
2. Veiting:
  - a) tækniaðstoðar eða -þjálfunar og annarrar þjónustu sem tengist vörum og tækni í geirum sem um getur 1. mgr.,
  - b) fjármagns eða fjárhagsaðstoðar vegna sölu, afhendingar, flutnings eða útflutnings á vörum eða tækni í geirum, sem um getur í 1. mgr., eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð eða -þjálfun,er bönnuð.
3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.
4. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.

#### 7. gr.

1. Lagt er bann við því að veita tæknilega ástoð eða miðlunarþjónustu, þjónustu á sviði byggingarframkvæmda eða verkfræðiþjónustu sem tengist með beinum hætti grunnvirkjum í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr., í geirum sem um getur í 1. mgr. 6. gr., óháð því hvar tæknin og vörurnar eru upprunnar.
2. Bönnin í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif, fram til 24. ágúst 2022, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 23. febrúar 2022 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.
3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn sem um getur í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

#### 8. gr.

1. Lögbæru stjórnvöldin geta veitt heimild í tengslum við þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr. og að því er varðar þær vörur og þá tækni sem um getur í 1. mgr. 6. gr., að því tilskildu að starfsemin, tæknin og vörurnar séu:
  - a) nauðsynlegar til nota í opinberum tilgangi af hálfu ræðisstofa eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarrétti og eru staðsettar í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr. eða

- b) tengdar verkefnum sem varða einungis stuðning við sjúkrahús eða aðrar opinberar heilbrigðisstofnanir sem veita lækniþjónustu, eða almennar menntastofnanir, sem eru staðsettar í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr. eða
  - c) tæki eða búnaður til notkunar við lækningar.
2. Lögbær stjórnvöld geta einnig heimilað, með þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja viðeigandi, viðskipti í tengslum við starfsemi sem um getur í 1. mgr. 5. gr., svo fremi að viðskiptin séu til viðhalds til að tryggja öryggi fyrirbyggjandi grunnvirkja.
3. Lögbæru stjórnvöldin geta einnig veitt heimild í tengslum við þær vörur og þá tækni, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., og þá starfsemi, sem um getur í 2. mgr. 6. gr. og 7. gr., þegar sala, afhending, flutningur eða útflutningur viðkomandi vara eða tækni eða slík starfsemi er nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna, þ.m.t. öryggi fyrirbyggjandi grunnvirkja, eða á umhverfið. Í tilhlýðilega rökstuddum, brýnum tilvikum má sala, afhending, flutningur eða útflutningur fara fram án fyrirframheimildar, að því tilskildu að útflytjandi tilkynni lögbæru stjórnvaldi um það innan fimm virkra daga frá því að salan, afhendingin, flutningurinn eða útflutningurinn átti sér stað og láti í té ítarlegar upplýsingar um viðkomandi ástæðu fyrir sölu, afhendingu, flutningi eða útflutningi án fyrirframheimildar.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari málsgrein og veita hvert öðru aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir.

*9. gr.*

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja veiti þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti í héruðunum sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar sem um getur í 1. gr. eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni.
2. Bönnin, sem sett eru fram í 1. mgr., hafa ekki áhrif, fram til 24. ágúst 2022, á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 23. febrúar 2022 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.
3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn er um getur í 1. mgr. eru sniðgengin.

*10. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvörðun þessi gildir til 24. febrúar 2023. Hún skal vera til stöðugrar endurskoðunar. Hún skal endurnýjuð eða henni breytt, eftir atvikum, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J.-Y. LE DRIAN

**Fylgiskjal 10.**

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2022/263**

**frá 23. febrúar 2022**

**um þvingunaraðgerðir til að bregðast við viðurkenningu á héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar og skipunum um að senda rússneskan herafila inn í þessi héruð**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/266 frá 23. febrúar 2022 um þvingunaraðgerðir til að bregðast við viðurkenningu á héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar og skipunum um að senda rússneskan herafila inn á þessi svæði<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/266 til að bregðast við undirritun forseta Rússneska sambandsríkisins undir forsetaúrskurð þar sem „sjálfstæði og fullveldi“ héraðanna Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, voru viðurkennd og rússneskur herafli var sendur inn í þau héruð.
- 2) Í ákvörðun (SSUÖ) 2022/266 eru settar takmarkanir á vörur sem eru upprunnar í héruðunum Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar, og á veitingu, með beinum eða óbeinum hætti, fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, svo og trygginga og endurtrygginga, í tengslum við innflutning slíkra vara, að undanskildum vörum sem fengið hafa upprunavottorð hjá ríkisstjórn Úkraínu.
- 3) Í ákvörðun (SSUÖ) 2022/266 eru að auki settar takmarkanir á viðskipti með vörur og tækni til notkunar í tilteknum geirum í héruðunum Donetsk og Luhansk, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar og bann við þjónustu á sviði flutninga, fjarskipta, orku eða leit, rannsókn og vinnslu olíu, gass og jarðefnaauðlinda ásamt þjónustu tengdri ferðaþjónustu í héruðunum Donetsk- og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar.
- 4) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald.
- 5) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að miðla upplýsingum hvert til annars um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð og um aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við þessa reglugerð.
- 6) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðar-áhrif.
- 7) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggt sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 8) Til þess að tryggja að þær aðgerðir sem kveðið er á um í reglugerð þessari skili árangri ætti hún að öðlast gildi daginn eftir að hún er birt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „miðlunarþjónusta“:
  - i) að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þ.m.t. frá þriðja landi til annars þriðja lands, eða
  - ii) að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, m.a. þegar þær eða hún er staðsett í þriðja landi og færa á þær eða hana til annars þriðja lands,
- b) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem henni er haldið fram í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir 24. febrúar 2022, er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og felur einkum í sér:
  - i) kröfu um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
  - ii) kröfu um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
  - iii) bótakröfu í tengslum við samning eða viðskipti,
  - iv) gagnkröfu,
  - v) kröfu um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með exequatur, dómi, úrskurði gerðardóms eða jafngildri ákvörðun, óháð því hvar hann eða hún er kveðin upp eða tekin,
- c) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um ræðir einn eða fleiri samninga eða ámóta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,
- d) „tilgreind yfirráðasvæði“: héruðin Donetsk og Luhansk í Úkraínu, sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar,

- e) „rekstrareining á tilgreindu yfiráðasvæðunum“: allar rekstrareiningar sem hafa skráða skrifstofu sína, yfirstjórn eða höfuðstöðvar á tilgreindu yfiráðasvæðunum, dótturfyrirtæki þeirra eða eignatengd fyrirtæki undir þeirra stjórn á tilgreindu yfiráðasvæðunum og útibu og aðrar rekstrareiningar sem starfa á tilgreindu yfiráðasvæðunum.
- f) „vörur sem eru upprunnar á tilgreindu yfiráðasvæðunum“: vörur sem eru að öllu leyti fengnar á tilgreindu yfiráðasvæðunum eða sem hafa síðast undirgengist verulegar umbreytingar þar í samræmi, að breyttu breytanda, við 60. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 sem mælir fyrir um tollalög Sambandsins<sup>(2)</sup>,
- g) „fjárfestingarþjónusta“: eftirfarandi þjónusta og starfsemi:
  - i) móttaka og miðlun fyrirmæla í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga,
  - ii) framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina,
  - iii) viðskipti fyrir eigin reikning,
  - iv) stýring eignasafna,
  - v) fjárfestingarráðgjöf,
  - vi) Söluþrygging fjármálagerninga og/eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli,
  - vii) markaðssetning fjármálagerninga sem er ekki á skuldbindandi grundvelli,
- h) „tækniástoð“: tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tækniþjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu; í tækniástoð fellst einnig munnleg ástoð,
- i) „yfiráðasvæði Sambandsins“: þau yfiráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.
- j) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem eru skráð í I. viðauka,

### 2. gr.

1. Lagt er bann við því:
  - a) að flytja inn í Evrópusambandið vörur sem upprunnar eru á tilgreindu yfiráðasvæðunum,
  - b) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð, svo og tryggingar og endurtryggingar, sem tengist innflutningi á vörunum sem um getur í a-lið.
2. Bönnin sem um getur í 1. mgr. eiga ekki við að því er varðar:
  - a) efndir, fram til 24. maí 2022, á viðskiptasamningum sem gerðir eru fyrir 23. febrúar 2022 eða fylgissamningum sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga, að því tilskildu að einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem leitast við að framkvæma viðkomandi samning, hafi tilkynnt lögbæru stjórnvaldi þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur staðfestu um starfsemina eða viðskiptin eigi síðar en með 10 virkra daga fyrirvara,
  - b) vörur sem upprunnar eru á tilgreindu yfiráðasvæðunum og lagðar hafa verið fram til skoðunar hjá úkraínskum stjórnvöldum, sem staðfest hefur verið að uppfylli skilyrði um fríðindauppruna og sem upprunavottorð hefur verið gefið út fyrir í samræmi við samstarfssamninginn milli ESB og Úkraínu.

### 3. gr.

1. Lagt er bann við því:
  - a) að eignast hlut eða auka hlutdeild sína í eignarhaldi á fasteign sem er staðsett á tilgreindu yfiráðasvæðunum,
  - b) að eignast hlut eða auka hlutdeild sína í eignarhaldi eða yfiráðum rekstrareiningar á tilgreindu yfiráðasvæðunum, þ.m.t. að eignast slíka rekstrareiningu að öllu leyti, eða að eignast hlut í henni, eða önnur verðbréf sem fela í sér hlutdeild í slíkri rekstrareiningu,
  - c) að veita eða eiga þátt í fyrirkomulagi við að veita lán eða lánsfrest eða láta á annan hátt í té fjármögnun, þ.m.t. eigið fé, til handa rekstrareiningu á tilgreindu yfiráðasvæðunum, eða í þeim skráða tilgangi að fjármagna slíka rekstrareiningu,
  - d) að mynda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni á tilgreindu yfiráðasvæðunum eða með rekstrareiningu á tilgreindu yfiráðasvæðunum,
  - e) að láta í té fjárfestingarþjónustu sem tengist beint þeirri starfsemi sem um getur í a- til d-lið.

2. Bönnin og takmarkanirnar sem settar eru fram í þessari grein eiga ekki við um lögleg viðskipti við rekstrareiningar utan tilgreindu yferráðasvæðanna, að því tilskildu að tengdar fjárfestingar séu ekki ætlaðar rekstrareiningum á tilgreindu yferráðasvæðunum.

3. Bönnin í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir skuldbindingar sem rekja má til samnings sem gerður var fyrir 23. febrúar 2022 eða til fylgisamninga sem nauðsynlegir eru til efndar slíks samnings, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafa verið upplýst um málið eigi síðar en með fimm virkra daga fyrirvara.

#### 4. gr.

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja eða flytja út vörur eða tækni sem er skráð í II. viðauka:

- a) til einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á tilgreindu yferráðasvæðunum eða
- b) til notkunar á tilgreindu yferráðasvæðunum.

II. viðauki skal taka til tiltekinna vara og tækni sem ætluð er til notkunar í eftirfarandi lykilgeirum:

- i) flutningageiranum,
- ii) fjarskiptageiranum,
- iii) orkugeiranum,
- iv) geira leitar, rannsóknna og vinnslu á olíu, gasi og steinefnum.

2. Lagt er bann við því að:

- a) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist þeirri tækni og þeim vörum sem eru skráðar í II. viðauka eða tengjast því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíkar vörur og tækni, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á tilgreindu yferráðasvæðunum eða til notkunar á tilgreindu yferráðasvæðunum,
- b) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð er tengist vörum og tækni sem eru skráðar í II. viðauka til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á tilgreindu yferráðasvæðunum eða til notkunar á tilgreindu yferráðasvæðunum.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir skuldbindingar, fram til 24. ágúst 2022, sem rekja má til samnings sem gerður var fyrir 23. febrúar 2022 eða til fylgisamninga sem nauðsynlegir eru til efndar slíks samnings, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafa verið upplýst um málið eigi síðar en með fimm virkra daga fyrirvara.

#### 5. gr.

1. Lagt er bann við því að veita tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu, þjónustu á sviði byggingarframkvæmda eða verkfræðiþjónustu sem tengist með beinum hætti grunnvirkjum á tilgreindu yferráðasvæðunum í geirum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. eins og það er skilgreint á grundvelli II. viðauka, óháð því hvar vörurnar og tæknin er upprunnin.

2. Bannið í 1. mgr. hefur ekki áhrif á efndir skuldbindingar, fram til 24. ágúst 2022, sem rekja má til samninga sem gerðir eru fyrir 23. febrúar 2022 eða til fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir þess háttar samninga.

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn er um getur í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

#### 6. gr.

1. Lagt er bann við því að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu með beinum hætti á tilgreindum yferráðasvæðum.

2. Bannið í 1. mgr. skal ekki hafa áhrif á efndir skuldbindingar, fram til 24. ágúst 2022, sem rekja má til samnings eða fylgisamnings sem gerður var fyrir 23. febrúar 2022 eða til fylgisamninga sem nauðsynlegir eru til efndar slíks samnings, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafa verið upplýst um málið eigi síðar en með fimm virkra daga fyrirvara.

#### 7. gr.

1. Lögbæru stjórnvöldin geta veitt heimild, með þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja viðeigandi, í tengslum við þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. og þær vörur og þá tækni sem um getur í 1. mgr. 4. gr., að því tilskildu að tæknin og vörurnar séu:



- a) nauðsynlegar til nota í opinberum tilgangi af hálfu ræðisstofa eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarrétti og eru staðsettar á tilgreindu yfirráðasvæðunum,
- b) tengdar verkefnum sem varða einungis stuðning við sjúkrahús eða aðrar opinberar heilbrigðisstofnanir sem veita lækniþjónustu, eða almennar menntastofnanir, sem eru staðsettar á tilgreindu yfirráðasvæðunum eða
- c) tæki eða búnaður til notkunar við lækningar.

2. Lögbær stjórnvöld geta einnig veitt, með þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimild í tengslum við starfsemi sem um getur í 1. mgr. 3. gr., svo fremi að viðskiptin séu til viðhalds til að tryggja öryggi fyrirbyggjandi grunnvirkja.

3. Lögbæru stjórnvöldin geta einnig veitt, með þeim skilmálum og skilyrðum sem þau telja eiga við, heimild, í tengslum við þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. og þær vörur og þá tækni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og þá þjónustu sem um getur í 5. gr., þegar sala, afhending, flutningur eða útflutningur viðkomandi vara eða tækni eða slík starfsemi er nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna, þ.m.t. öryggi fyrirbyggjandi grunnvirkja, eða á umhverfið. Í tilhlýðilega rökstuddum, brýnum tilvikum má sala, afhending, flutningur eða útflutningur fara fram án fyrirframheimildar, að því tilskildu að útflytjandi tilkynni lögbæru stjórnvaldi um það innan fimm virkra daga frá því að salan, afhendingin, flutningurinn eða útflutningurinn fór fram og láti í té ítarlegar upplýsingar um viðkomandi ástæðu fyrir sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi án fyrirframheimildar.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari málsgrein og veita hvert öðru aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir.

#### 8. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu sniðgengin

#### 9. gr.

Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn sem sett eru í þessari reglugerð.

#### 10. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum sem aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á að því er framkvæmd þeirra varðar, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar á móta kröfur, t.d. kröfur um skuldajöfnuð eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014<sup>(3)</sup>,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a-lið,
- c) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem, samkvæmt ákvörðun gerðardóms, dóms eða stjórnarsýslustofnunar, hefur brotið gegn þeim bönnum sem kveðið er á í þessari reglugerð,
- d) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun ef krafan tengist vörum sem bannað er að flytja inn samkvæmt 1. mgr. 2. gr.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnustu kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem leitar eftir fullnustu kröfunnar.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

#### 11. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu miðla upplýsingum með gagnkvæmum hætti um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og aðrar upplýsingar sem þau búa yfir og máli skipta í tengslum

við reglugerð þessa, einkum upplýsingar um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um niðurstöður innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og getu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

*12. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta I. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

*13. gr.*

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reglurnar, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

*14. gr.*

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á þeim vefsetrum sem eru skráð í I. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni allar breytingar sem verða á vefköngum þeirra vefsetra þeirra sem eru skráð í I. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt þessari reglugerð, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar sem nota skal til slíkra samskipta vera þau sem gefin eru upp í I. viðauka.

*15. gr.*

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yferráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í loftföngum þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling innan eða utan yferráðasvæðis Sambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yferráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram að öllu leyti eða að hluta innan Sambandsins.

*16. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

*Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.*

J.-Y. LE DRIAN

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 42 I, 23.2. 2022, bls. 109.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 269, 10.10. 2013, bls. 1

<sup>(3)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6)